

XV. þing Félags íslenskra lyflækna á Ísafirði

ENN Á NÝ ER KOMIÐ AÐ þingi Félags íslenskra lyflækna sem er hið fimmtánda í röðinni og er að þessu sinni haldið í höfuðstað Vestfjarða, Ísafirði. Þing félagsins hafa jafnan verið mikilvægur vettvangur fyrir lyflækna til að kynna vísindarannsóknir sínar eða fá innsýn í það sem er ofarlega á baugi á sviði lyflækninga. Margir eiga góðar minningar frá fyrri þingum þar sem oftast hefur tekist vel að sameina fræðaiðkun og skemmtilegar samverustundir með starfsfélögum. Staðsetning þinganna utan höfuðborgarsvæðisins, í kyrrlátu og heillandi umhverfi, á vafalítið sinn þátt í þeim sessi sem þessi þing hafa öðlast. Þetta er í annað sinn sem lyflæknaþing er haldið á Ísafirði en það var einnig haldið þar 1988.

Líkt og áður verður kynning vísindarannsókna uppistaða þingsins. Að þessu sinni verður sú breyting að frjáls erindi verða færri en verið hefur en veggspjöld þeim mun fleiri. Jafnframt verður boðið upp á fleiri gestafyrirlestra og málþing, auk þess sem bryddað verður upp á nýjungum eins og klínískum perlum og umfjöllun um klínískar leiðbeiningar. Að venju verða veitt verðlaun fyrir framúrskarandi erindi ungs læknis og fyrir besta framlag læknanema. Þá verður sú nýbreytni að veitt verða verðlaun fyrir besta veggspjaldið.

Meðal þess sem hæst ber er málþing um nýlegar uppgötvani í klínískri ónæmisfræði sem helgað er minningu Ásbjörns Sigfússonar læknis. Ásbjörn lést langt fyrir aldur fram þann 8. september á síðasta ári og skildi hann eftir sig vandfyllt skarð. Hann gegndi um árabíl mikilvægu hlutverki á lyflæknaþingum, þar sem hann jafnan glæddi umræðuna lífi með gagnlegum ábendingum. Ásbjörns verður sárt saknað á þingi því sem nú fer í hönd. Það er því við hæfi að tveir framúrskarandi vísindamenn á því sviði sem Ásbjörn tileinkaði sér, klínískri ónæmisfræði, munu flytja erindi á þessu málþingi.

Þá verður málþing um stöðu almennra lyflækninga á Íslandi. Á undanförunum árum hafa almennar lyflækningar átt undir högg að sækja hér á landi og meðal nágrannaþjóða, vegna framþróunar í undirgreinum lyflækninga sem leitt hefur til aukinnar sérhæfingar í þjónustu við sjúklinga, jafnt innan sem utan sjúkrahúsa. Hefur jafnvel

verið uppi orðrómur um að almennar lyflækningar sem sérgrein heyri sögunni til. Þessu sjónarmiði eru þó ýmsir ósammála og liggja því til grundvallar tvær meginástæður. Í fyrsta lagi hefur sjaldan verið meiri þörf en nú fyrir almenna lyflækna til að annast ört stækkandi hóp aldurhnginna sjúklinga er haldnir eru fjölpættum heilsuþresti. Í öðru lagi gegna almennar lyflækningar lykilhlutverki í kennslu í lyflæknisfræði, bæði í grunnnámi í læknisfræði og í framhaldsnámi í lyflækningum, heimilislækningum og fleiri sérgreinum. Vænta má að á málþinginu verði hlutverk almennra lyflækninga brotið til mergjar.

Á undanförunum árum hefur neysla margvíslegra náttúruylfja og fæðubótarefna færst mjög í vöxt. Ljóst er að umtalsverður hluti þeirra sjúklinga sem lyflæknar annast, taka náttúruylf samhliða hefðbundnum lyfjum. Lítið er þó vitað um gagnsemi náttúruylfja. Þrátt fyrir mikla umræðu um þetta viðfangsefni á undanförunum misserum hefur skort á vandaða umfjöllun sem byggir á niðurstöðum vísindarannsókna. Félagi íslenskra lyflækna þykir tímabært að blanda sér í þessa umræðu og efnir til málþings þar sem fjallað verður um stöðu þekkingar varðandi náttúruylf og fæðubótarefni.

Fulltrúar lyfjafyrirtækja munu að venju standa fyrir sýningu á lyfjum og öðrum vörum sem þau hafa að bjóða og er þeim hér með þakkað fyrir þeirra framlag. Jafnframt er hinum mörgu stuðningsaðilum þakkað fyrir veittan stuðning.

Að venju verður reynt að auðga anda þinggesta með vandaðri skemmtidagskrá. Vonandi munu þátttakendur í þessu XV. þingi Félags íslenskra lyflækna eiga ógleymanlega daga í tignarlegri náttúru Vestfjarða.

Runólfur Pálsson,

formaður Félags íslenskra lyflækna



Runólfur Pálsson